



**112. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 25. mars 2024
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Guðný Margrét Hjaltadóttir varamaður, Hildur Þórisdóttir varamaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Pétur Heimisson aðalmaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi og Sóley Valdimarsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála

Björn Ingimarsson (hafnarstjóri), Rúnar Gunnarsson (yfirhafnarvörður) og Eiður Ragnarsson (verkefnastjóri hafna) sátu fundinn undir liðum nr. 3-5. Sigurður Jónsson (skipulagsfulltrúi) sat fundinn undir liðum nr. 7-10.

Dagskrá:

1. 202301159 - Útboð á hirðu úrgangs við heimili í Múlaþingi

Verkefnastjóri umhverfismála fylgir eftir minnisblaði um stöðu útboðs á hirðu úrgangs í Múlaþingi.

Málið er áfram í vinnslu.

Gestir

Stefán Aspar Stefánsson - 08:30

2. 202403088 - Styrkbeiðni vegna landvörslu á Víknaslóðum 2024

Fyrir liggur erindi frá Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs varðandi framtíðarstefnu og fyrirkomulag landvörslu á Víknaslóðum.

Verkefnastjóri umhverfismála sat fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur verkefnastjóra umhverfismála að gera drög að samningi í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir ráðið að nýju.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Stefán Aspar Stefánsson - 08:55

3. 202402192 - Fiskeldissjóður, umsóknir 2024

Hafnarstjóri (BI) gerir grein fyrir stöðu umsókna í Fiskeldissjóði árið 2024.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:



Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrir sitt leyti seinni fyrirbyggjandi umsókn í Fiskeldissjóð og vísar málinu til heimastjórnar Djúpavogs til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

4. 202403193 - Umferðaröryggi við Ferjuleiru á Seyðisfirði

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga frá yfirhafnarverði (RG) þar sem mælst er til þess að Ferjuleira verði gerð að einstefnugötu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur yfirhafnarverði, atvinnu- og menningarmálastjóra ásamt framkvæmda- og umhverfismálastjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum og vísar því til heimastjórnar Seyðisfjarðar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

5. 202402195 - Stefnumörkun hafna Múlaþings

Hafnarstjóri (BI) og yfirhafnarvörður (RG) fara yfir atriði í stefnumörkun hafna Múlaþings er varða hámarksfjölda gesta.

Lagt fram til kynningar.

6. 202203090 - Upplýsingafundur með Landsvirkjun

Inn á fundinn tengjast starfsmenn Landsvirkjunar og veita upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins í sveitarfélaginu.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Árni Óðinsson og Sindri Óskarsson - 10:20

7. 202208083 - Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045

Teknar eru fyrir að nýju umsagnir og athugasemdir sem bárust við kynningu skipulags- og matslýsingar nýs aðalskipulags Múlaþings. Skipulagsfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að vísa umsögnum og athugasemdum til frekari skoðunar við mótun vinnslutillögu.

Ráðið felur jafnframt skipulagsfulltrúa að láta uppfæra fyrirbyggjandi minnisblað með viðbrögðum við athugasemdum í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

8. 202402067 - Aðalskipulagsbreyting, Kárahnjúkastífla, Efnisnáma

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga, dagsett 15. mars 2024, um breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna námu við



Kárahnjúkastíflu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til við sveitarstjórn að málsmeðferð verði í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er ekki talin hafa veruleg áhrif á núverandi landnotkun né eru áhrif hennar metin mikil á einstaka aðila eða stórt landsvæði.

Samþykkt samhljóða.

9. 202309037 - Deiliskipulagsbreyting, Unalækur á Völlum

Vinnslutillaga vegna breytinga á deiliskipulagi Unalækjar var kynnt með athugasemdafresti til og með 12. janúar 2024. Fyrir ráðinu liggja athugasemdir og umsagnir sem bárust á kynningartíma.

Máli frestað til næsta fundar.

10. 202402089 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Kringilsárrani, bakkavarnir

Fyrir umhverfis- og framkvæmaráði liggur umsókn frá Landsvirkjun vegna fyrirhugaðra bakkavarna við Kringilsárrana. Umsagnir Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjöldgarðs liggja fyrir.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að heimila skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við fyrirhuguð áform.

Samþykkt samhljóða.

11. 202403011 - Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá, Hluti Vatnajökuls við Maríutungur (þjóðlenda)

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn frá forsætisráðuneytinu um stofnun þjóðlendu, þ.e. hluta Vatnajökuls við Maríutungur skv. úrskurði í máli óbyggðanefndar nr. 1/2005.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir umsóknina og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

12. 202403191 - Samráðsgátt. Endurskoðun laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir í samráðsgátt áform um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun með það að markmiði að tryggja ábyrgja og skynsamlega nýtingu og vernd landsvæða og orkukosta á Íslandi.

Málið er aðgengilegt í Samráðsgátt stjórnvalda undir málanúmerinu S-79/2024. Frestur til athugasemda er 8. apríl 2024 en óskað hefur verið eftir framlengingu til og með 16. apríl.



Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fela formanni ráðsins að vinna drög að umsögn sem lögð verða fyrir á næsta fundi.

Samþykkt samhljóða.

13. 202403176 - Umsagnarbeiðni, Breyting á aðalskipulagi Fljótaldshrepps, Aðlögun að breyttri landnotkun, mál nr. 0305/2024

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Fljótaldshreppi vegna kynningar á vinnslutillögu breytinga á Aðalskipulagi Fljótaldshrepps 2014-2030, aðlögun að breyttri landnotkun. Breytingin nær til fjögurra svæða: Hamborgar, Egilsstaðaða, Víðivalla Ytri 2 og Valþjófsstaðamela. Kynningartími er til 30. apríl 2024.

Lagt fram til kynningar.

14. 202403172 - Umsagnarbeiðni, Deiliskipulag atvinnusvæðis á Valþjófsstaðamelum.

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Fljótaldshreppi vegna kynningar á vinnslutillögu nýs deiliskipulags atvinnusvæðis á Valþjófsstaðamelum. Kynningartími er til 30. apríl 2024.

Lagt fram til kynningar.

15. 2403011F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Múlapings - 6

Lögð er fram til kynningar fundargerð frá 6. afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:33

